



# Fréttabréf Naustaskóla

5. tölublað, 7. árgangur, 2. maí 2014

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

**Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!**

## Útivistartíminn

Frá og með 1. maí lengdist útivistartími skv. lögum, nú mega börn 12 ára og yngri vera úti til kl. 22 en 13-16 ára mega vera úti til kl. 24.

**Rétt er þó að taka fram að foreldrar ráða að sjálfsgöðu útivistartíma sinna barna, og sjálfsgagt að muna að flest börn og unglingar þurfa að minnsta kosti 9-10 tíma svefn!!**

## Útiþróttir

Upp úr mjöðjum mánuðinum (frá 19. maí) gerum við ráð fyrir að verði komin sumarblíða og að frá þeim tíma verði íþróttakennslan alfarið utandyra. Við biðjum því um að frá og með tíma verði nemendur sérstaklega vel búnir til útiveru...

## Vorskóli - skólabyrjun í haust

Mánudaginn 26. maí nk. kl. 17:00 bjóðum við verðandi nemendum í 1. bekk og foreldrum þeirra á stutta kynningu í skólanum. Þar munu nemendur hitta verðandi kennara sína og foreldrar fá kynningu á skólanum hjá stjórnendum. Skólastarf í haust mun svo hefjast með skólaþingningu þann 21. ágúst.

## Sigur í 1. maí hlaupi

Nemendur Naustaskóla fjölmenntu í 1. maí hlaup UFA og sneru í skólann með bikar fyrir bestu þátttökuna í flokki fjölmennra skóla. Glæsilega að verki staðið!

## Kæra skólasamfélag

Nú sígur á seinni hluta þessa skólaárs enda bara tæpar fimm vikur eftir af skólastarfinu þetta vorið. Við erum hins vegar byrjuð að undirbúa næsta skólaár og erum þessa dagana að auglýsa eftir kennurum fyrir næsta haust en nokkrar breytingar verða á kennaraliðinu. Þessa stundina er ljóst að Hulda Berglind smíðakennari og Þóra kennari í 1. bekk munu hætta hjá okkur. Sunna kennari í 2.-3. bekk fer í fæðingarorlof næsta vetur og Halla í 2.-3. bekk fer í leyfi í eitt ár. Við erum svo að bæta við fólki vegna fjölgunar í skólanum en við gerum ráð fyrir að nemendum fjölgi um a.m.k. 20 milli ára og fari yfir 350 næsta vetur. Þá er komið að því að við bætum í stjórnendateymi skólans og hefur því einnig verið auglýst eftir deildarstjóra til starfa hjá okkur. Framundan er hins vegar nokkuð hefðbundin vordagskrá með útskriftarferðalagi 10. bekkjar, vorþemadögum, vorhátíð, frjálsíþróttamóti miðstigs o.s.frv. Það veldur reyndar nokkrum áhyggjum að boðað hefur verið til vinnustöðvunar hjá kennurum þrjá daga í maímánuði (sjá baksíðu) en við krossum fingur og vonum að samningar takist svo ekki þurfi að koma til þessa. Ef til vinnustöðvunarinnar kemur mun skólastarf falla niður þá daga, en Frístund verður opin frá kl. 13:00 fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir.

Við undirbúning næsta skólaárs finnum við töluvert fyrir því að okkur er farið að vanta íþróttahús skólans. Eftir því sem nemendum fjölgar verður erfiðara að komast að í íþróttahúsum annars staðar þannig að vel falli að öðru skipulagi varðandi stundaskrár o.þ.h. en við gerum einnig ráð fyrir að halda áfram að kenna íþróttir utandyra eins og verið hefur. Einnig er starfsmannaástaða í skólanum er orðin nokkuð bagaleg enda fjöldi starfsmanna orðinn verulegur og kallar á þar til gerða aðstöðu. Loks má nefna að lóð skólans er eins og allir vita að stórum hluta ófrágengin. Núverandi plön gera ráð fyrir að við verðum án íþróttahúss og starfsmannaálmú í þrjá vetur í viðbót en það verður að segjast eins og er að það er nokkuð þungbær tilhugsun. Nú er hins vegar vor í lofti og við horfum að sjálfsgöðu full bjartsýni til framtíðarinnar og væntum þess að lífið verði áfram sem hingað til öldungis dásamlegt!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri



Við gleðjumst alltaf mjög þegar foreldrar eða nemendur koma færandi hendi með hluti sem er orðið ofaukið á heimilunum. Það er alltaf þörf fyrir spil, púsluspil, kubba og hvers kyns leikföng svo eitthvað sé nefnt, t.d. í Frístund og svo er náttúrulega enn dálítið pláss á bókasafninu... Hann Dagur Karl í 2. bekk lætur ekki sitt eftir liggja í þessum efnum en hann kom með fullan poka af spilum til okkar fyrr í vetur. Takk kærlega fyrir það!

## Pollapönk í heimsókn

Það var mikið um dýrðir hjá okkur þann 23. apríl sl. þegar Eurovision-fararnir í Pollapönk heiðruðu okkur með nærveru sinni og héldu tónleika í Naustaskóla fyrir nemendur Naustaskóla og Naustatjarnar en foreldrafélög skólanna buðu upp á atburðinn. Þarna varð að sjálfsgöðu gríðarleg stemming og verður þetta væntanlega lengi í minnum haft meðal margra nemenda skólanna sem urðu sér meira að segja úti um eiginhandararitarnir hjá átrúnaðar-göðunum.





## Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

# Maí 2014

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	5. Svikkinn héri, kartöflur, lauksósa og baunir. Ávextir. <b>4. bekkur fer í skólalabúðir</b>	6. Öfnbakaður fiskur í blaðlaukssósu og hrísgrjón. Salatbar. Ávextir. <b>Opíð hús 8-10b 19:30-21:30</b>	7. Lambasteik, kartöflur, steikt grænmeti og sósa. Ávextir. <b>4. bekkur kemur aftur úr skólalabúðiferð</b>	8. Fiskipottréttur, hrísgrjón og salat. Ávextir.	9. Grænmetisúpa og heimabakað brauð. Salatbar.	10.
11.	12. Fiskubúðingur, kartöflur, kryddjurtasósa og gulrætur. Ávextir.	13. Íslensk kjötsúpa. Ávextir. <b>Opíð hús 8-10b 19:30-21:30</b>	14. Grænmetisbuff, hýðis-hrísgrjón og köld súr-mjólkursósa. Ávextir. <b>Opíð hús 5.-7.b. kl. 14:30-16:00</b>	15. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör. Ávextir. <b>Vinnustöðvun kennara?</b>	16. Nautagúllas og hrísgrjón. Salatbar.	17.
18.	19. Plokkfiskur, rúgbrauð og gúrka. Ávextir. <b>Inniþróttum lokið!</b>	20. Lasagna, kartöflur og salat. Ávextir. <b>Frjálsþróttamót 4.b. 10.b. fer í ferðalag Opíð hús 8-10b 19:30-21:30</b>	21. Fiskur í raspi, hýðis-hrísgrjón og dressing. Salatbar. <b>Frjálsþróttamót 5.b Vinnustöðvun kennara?</b>	22. Pizza. Ávextir. <b>Frjálsþróttamót 6.b.</b>	23. Hrísgrjónagrautur og slátur. Salatbar. <b>Frjálsþróttamót 7.b. 10. bekkur kemur heim</b>	24.
25.	26. Hakk, spaghetti og paprika. Ávextir. <b>VORSKÓLI hjá verðandi 1.b. kl. 17:00-18:30</b>	27. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og smjör. Ávextir. <b>Opíð hús 8-10b 19:30-21:30 Vinnustöðvun kennara?</b>	28. Grísasnitset, steiktur kartöflur, salat og brún sósa. Salatbar. <b>VORHÁTÍÐ</b>	29. Uppstigningardagur <b>FRÍ</b>	30. Blómkálssúpa og heimabakað brauð. Salatbar. <b>Möppudagur Unicef—hreyfingin</b>	31.
1. júní	2. <b>VORÞEMA</b>	3. <b>VORÞEMA</b> <b>Opíð hús 7-10b 19:30-21:30</b>	4. <b>Dagur nýrra námshópa</b>	5. <b>SKÓLASLIT</b>	6.	7.

**Vorhátíð Naustaskóla og hverfisnefndar Naustahverfis verður haldin miðvikudaginn 28. maí - dagskrá verður nánar auglýst síðar..**

**Skólaslit vorið 2014 verða fimmtudaginn 5. júní, tímasetningar skólaslita verðar auglýstar í næsta fréttabréfi sem kemur út seint í maí.**